


Málþroski og læsi - Færni til framtíðar

2016 - 2017



Þróunarverkefni í Húnavatnssýslum og Strandabyggð
Lokaskýrsla til Sprotasjóðs
Vor 2017

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Félags- og skólaþjónusta A-Hún. Skólar sem tóku þátt í verkefninu voru Ásgarður í Húnaþingi vestra, Barnabær á Blönduósi, Barnaból á Skagaströnd, Vallaból Húnavatnshreppi og Lækjarbrekka í Strandabyggð.

Nafn verkefnisins: Málþroski - og læsi færni til framtíðar.

Nafn verkefnisstjóra: Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri

UMS-106. 2016-2017

Markmið verkefnis voru samkvæmt umsókn:

Þar sem málþroski og læsi er órjúfanleg heild og talmál grunnur þess að börn læri að lesa og skrifa, má sjá að sú færni sem börn læra í tali og hlustun í leikskóla er mikilvæg. Áhrif hennar á velgengi í lestri og ritun í grunnskóla er mikil. Í ljósi þessa var ákveðið að markmið okkar ættu að tengjast þróunarverkefni okkar frá árunum 2015 - 2016 með sérstökum viðbótum, sjá markmið?????. Bæklingur skyldi gefinn út í lok verkefnisins með sameiginlegri stefnu leik- og grunnskólanna í Austur Húnavatnssýslu, Húnaþingi vestra og Strandabyggðar. Bæklingurinn skyldi einnig upplýsandi og hvetjandi fyrir foreldra.

Markmið verkefnisins eru að:

- styrkja og efla málþroska og læsi barna í víðustu mynd þvert á námssvið.
- ná fram skilvirkari vinnubrögðum í vinnu með málþroska og læsi s.s. með verkáætlun -sem vinna á eftir í leikskólunum. Allir skuli vinna með sömu skimanir Brigance, Peds, Orðaskil og Hjóm-2, og fylgi því eftir ef um frávik er að ræða.
- viðhalda skal og auka enn færni starfsfólks við snemmtæka íhlutun.
- aukið skal samstarf við alla foreldra með sérstakri áherslu á tvítyngd börn.
- koma á foreldrafræðslu.
- efla samstarf á milli leik- og grunnskóla, sérstaklega hvað varðar málörvun og læsi.
- auka enn frekar samstarf við heilsugæslu, talmeinafræðing og aðra sérfræðinga sem koma að málefnum barna með frávik.

Ákveðið var að vinna með þrjá verkþætti í leið að markmiðunum, sem eru:

- Málþroskinn og áhrif hans á læsi (eða tengsl málþroska og læsis).
- Málþroski og læsi, vinna innan leikskólanna.
- Verkferlar í anda snemmtækrar íhlutunar.

Rökin fyrir því að vinna sértaklega með verkferla í anda snemmtækrar íhlutunar (3) eru sú, að til að einstaklingur verði læs og geti nýtt sér læsi í sem víðustu mynd, þá þarf málþroski hans að vera góður, og grípa þarf inn í ef grunur vaknar um frávík. Efla þarf foreldra til að örva málþroska barna. Með slíkum verkferlum töldum við að vinnan yrði skilvirkari og finna mætti nemendur með frávík í málþroska fyrr til að geta veitta viðeigandi íhlutun.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Leikskólarnir unnu verkefnið undir stjórn Ásthildar Bj. Snorradóttur talmeinafræðings. Innan hvers leikskóla var teymi sem stýrði vinnu innan skólana. Í ágúst 2016 fundaði teymi skólana ásamt ábyrgðarmönnum og farið var yfir stöðu mála innan hvers leikskóla. Þá var gerð áætlun fyrir veturinn 2016-2017. Teymin hittust tvisvar á önn, einu sinni með teymi grunnskólanna og stjórnendur leikskóla hittust að meðaltali einu sinni í mánuði og gerðu grein fyrir stöðu verkefnis.

Í október 2016 fór Ásthildur í heimsókn í alla leikskóla þar sem lögð var áhersla á eftirfarandi þætti:

- Tengiliðir gerðu grein fyrir stöðunni á verkefninu innan hvers leikskóla og stöðu handbókar.
- Uppbygging málörvunarstunda, Ásthildur fylgdist með málörvunarstundum á öllum deildum leikskólanna og kom með góð ráð og ábendingar.
- Farið var yfir hugmyndir um hvernig bæta mætti enn frekar skil milli skólastiga.
- Ásthildur var með kynningu á málörvunarefni í leikskólunum.

Í janúar 2017 voru haldnir tveggja tíma fræðslufundir fyrir foreldra allra leikskólanna, fræðslufundir fjölluðu almennt um málörvun og læsi og leiðir fyrir foreldra til að styðja við börn sín. Einnig var verkefnið Málþroski og læsi-færni til framtíðar kynnt fyrir foreldrum. Ásthildur sá um fræðsluna.

Í mars 2017 skiluðu allir leikskólar af sér fullunnum handbókum til yfirlstrar hjá Ásthildi.

Í apríl 2017 fengu allir leikskólar handbækur til baka ásamt athugasemdum. Þær voru að fullu tilbúnar í júní 2017.

Í maí hófst vinna við sameiginlegan bækling leik- og grunnskóla en áætlað er að þeirri vinnu ljúki á haustmánuðum 2017.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Áætlun var gerð í upphafi vetrar 2016 og unnið var samkvæmt henni. Áætlað gerði ráð fyrir að sameiginlegur bæklingur leik- og grunnskóla kæmi út í maí 2017 en ekki náðist að fullklára hann fyrir sumarfrí hjá grunnskólum og því útgáfu hans frestað fram á haustið 2017.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Leikskólarnir nýttu flesta starfsdaga sína í verkefnið en hefðu þurft meiri tíma til undirbúnings og samvinnu. Miklar vegalengdir milli staða til að funda.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Það hefur verið lyftistöng fyrir leikskólanna í Húnavatnssýslum og Strandabyggð að fá tækifæri til að taka þátt í þróunarverkefnum. Starfsfólk leikskólanna hefur fengið verulega aukna fræðslu um hvernig styrkja og efla megi málþroska barna með áherslu á læsi í víðum skilningi.

Starfsfólk hefur lært að tileinka sér skilvirkari vinnubrögð. Aukin áhersla á íhlutun og uppbyggingu málörvunarhópa og einstaklingsþjálfun. Eftirfylgni hefur verið góð meðan á verkefnum stóð og haldið okkur við efnið og stutt við bakið á okkur þegar á þurfti að halda.

Samstarf við foreldra hefur aukist og komið hefur verið á markvissari stuðningi við foreldra, og þá sérstaklega við foreldra barna með íslensku sem annað tungumál. Foreldrafundir voru vel sóttir og var almenn ánægja með verkefnið og foreldrar almennt meðvitaðri um þau faglegu vinnubrögð sem unnin eru í leikskólunum.

Skólarnir eru betur í stakk búnir til að takast á við fjölbreytt verkefni svo sem frávik í málþroska og móttöku nemenda með annað móðurmál.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Verkefnið hefur haft veruleg áhrif á allt skólastarf. Má þá nefna að allir verkferlar eru tilbúnir í handbók leikskólanna, starfsmenn betur undirbúnir til að takast á við fjölbreytt verkefni bæði markvissa málörvun í öllu starfi og að finna og bregðast við frávikum. Foreldrakannanir sýna almenna ánægju með faglegt starf leikskólanna.

Verkefnið mun hafa áhrif til framtíðar innan skólanna.

Niðurstöður verkefnisins

Helsti afrakstur verkefnisins er fullunnin handbók sem hver skóli hefur unnið. Handbókin inniheldur verkferla, gátlista og skipulag málörvunarstunda og tekur mið af stefnu hvers skóla fyrir sig. Einnig er þar að finna ýmsan fróðleik um snemmtæka íhlutun og málörvun sem nýtist starfsfólki til fræðslu og undirbúnings.

Starfsfólk hefur fengið fræðslu og þjálfun með það hvernig styrkja og efla megi málþroska leikskólabarna með áherslu á læsi í víðum skilningi. Mikil ánægja var með þá þjálfun og ráðgjöf og gerður hefur verið samningur við talmeinafræðing um að koma með sambærilega ráðgjöf í leikskólanna minnst tvisvar á ári.

Meiri samvinna og samstarf við heimili, foreldrar fá nú markvissari ráðgjöf og fræðslu. Lögð var sérstök áhersla á aukið samstarf við foreldra tvítyngdra/fjöltýngdra barna.

Verkefnið verður endurmetið á reglulegum fundum stjórnenda sem verða einu sinni í mánuði á næsta skólaári. Teymi innan hvers leikskóla mun starfa áfram við endurmat og endurskoðun á verkefni.

Það má því segja að markmiðin sem lagt var upp með í Málörvun - og læsi færni til framtíðar hafi náðst.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið var kynnt á læsisráðstefnu í Háskólanum á Akureyri í september 2016 og verður kynnt á ráðstefnu Ásthildar Bj. Snorradóttur í september 2017. Bæklingur sem gert er ráð fyrir að verði tilbúin til útgáfu haustið 2017 verður gefin út í öll hús í Austur Húnavatnssýslu, Húnaþingi vestra og Strandabyggð. Starfsmenn leikskóla hafa kynnt verkefni sín fyrir fræðslunefndum sveitarfélaganna og foreldrum. Þá hefur kynning farið fram á heimasíðum skólanna.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um


Okkur er efst í huga þakklæti til stjórnar Sprotasjóðs með að styðja við verkefnið. Það skiptir gríðarlegu máli fyrir leikskóla í litlum sveitarfélögum að fá fjármagn til slíkrar vinnu. Miklar vegalendir eru milli

leikskóla og mikill kostnaður við að fá sérfræðinga til að koma út á landsbyggðina. Verkefnið hefur breytt miklu fyrir faglegt starf innan leikskólanna.

Dagsetning: 20. júní 2017

Handwritten signature in blue ink, reading "Póran Hansen".

Undirskrift verkefnisstjóra

Handwritten signature in blue ink, reading "Guðrún Lára Magnúsdóttir".

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla